

á vísindalegan hátt farið að stunda samband við lífið á stjörnunum. En það er, að nokkru leyti, líf þeirra, sem hér á jörðu hafa áður lifað. Og svo eiga á stjörnunum heima æðri verur, langtum furðulegri og meir megandi en guðir nokkurra trúarbragða, þó að þeir geti ekki til neinnar hlítar liðsinnt íbúum jarða, þar sem fáviskan er á því stigi, að ekki er vitað af þeim, en athafnir og hugarfar mest þannig, að umfram allt er stefnt til sambands við þær verur alheimsins, sem einungis eru máttugar í hinu illa. En að oss verður ekki hjálpað fyrr en náð er tilteknu lágmarki þekkingar og góðvildar, kemur af því hver nauðsyn er á þroska einstaklings-eðlisins. Því að þessi alheimslífheild (Hýperzóon), sem er hið æðsta takmark, þýðir ekki það að einstaklingseðlið hverfi í heildinni, heldur er svo mjög á hinn veginn, að þessu takmarki verður ekki náð, ef ekki einstaklingurinn öðlast hinn æðsta þroska.

6. *Munað og hugleitt.*

Í sambandi við hálfrar aldar afmæli íslenska stúdenta-félagsins í Kaupmannahöfn rifjaðist upp fyrir mér eitt og annað, sem síðan hefir orðið mér nokkurt umhugsunarefni. Skemmtilegasta kvöldið, sem ég man eftir í félaginu, áttum við Þorsteini Erlingssyni að þakka, er hann sagði þar ferðasögu sína, nýkominn heiman frá Íslandi. Aðeins í eitt skipti heyrði ég háskólann nefndan í því félagi, og var það Árni Beinteinn Gíslason, sem það gerði, vinur sra Bjarna Þorsteinssonar. Sagði Árni — ég man ekki í hvaða sambandi — að háskólinn væri „arkitektónískt ljót bygging“, og var ekki laust við að þetta vekti aðdáun mína, því að mér þótti sem það mundi bera vott um, að Á. B. hefði vit á byggingarlist, en ég var slíku viti gjörsneyddur. Seinna kom mér í hug, að það hefði þó verið ástæða til í félagi stúdenta, að segja sitt-hvað fleira um háskólann, og það jafnvel frá sérstaklega íslensku sjónarmiði. Háskólinn var kallaður alma mater (blíða móðir), en lítt virðist mér sem sú stofnun hafi átt það

heiti skilið, og síst gagnvart íslenskum stúdentum. Það hefði þurft minna en móðurumhyggju, til þess að oss, sem frá Íslandi komum, og sumir þannig, að þeir fóru í fyrsta skipti úr foreldrahúsum, væri eitthvað hjálpað og leiðbeint. En það var ekki gert, ekki einu sinni þannig, að nokkrum klukkustundum væri vakið til þess að fræða oss um Kaupmannahöfn og Danmörku. Annars virðist mér það nú einnig dálítið eftirtektarvert, að enginn af kennurum mínum í latínuskólanum — sem þó höfðu, fleiri en einn, orð á því gert, að ég væri mjög framúrskarandi námspiltur — skyldi láta sér koma til hugar, að senda einhverjum af þeim háskólaprófessorum, sem ég ætlaði að stunda nám hjá, nokkur orð til að vekja eftirtekt þeirra á mér. Ég minnst þess um einn af námsfélögunum, að ekki hafði hann lengi verið vor á meðal áður vér vissum, að hann var systursonur vísindamanns, sem mikið orð fór af. Varð þetta óefað til að greiða fyrir áltí á honum, eins og hann átti líka skilið, því að það sýndi sig, að hann var hinum fræga móðurbróður engu síðri.

Aldrei heyrði ég heldur í félaginu minnst á þessi Garðshlunnindi íslenskra stúdenta, sem ekki var laust við að talin væru eftir stundum. En þó er sannleikurinn sá, að einmitt þar kom fram eftirtektarverður umhyggjuskortur gagnvart íslenskum stúdentum, eða hreint og beint kæruleysi um þeirra hag. Á annan hátt en þann, að lítið hafi verið um ástæður íslenskra stúdenta hugsað, er ekki hægt að skýra það, að íslenskum námsmönnum skyldi ekki vera veitt Garðsvist til svo langs tíma, að nægt hefði þeim sem ástundunarsamir voru, til að geta búið sig undir lokapróf, og að fjárstyrkurinn skyldi vera svo lítill, að engin leið var að draga fram lífið á honum einum. Dr. Bjarni Sæmundsson talar einhversstaðar í hinni skemmtilegu bók sinni „Um láð og lög“ um Garð sem „hinn fagra stúdentabústað“. Hitt mundi vera sönnu nær, að þar hafi ekkert fagurt verið, nema Linditréð, sem afmæli átti 12. maí, þegar varla bregst í Danmörku, að vorið sé komið vel á leið.